

Nd.

719. Nefndarálit

[238. mál]

um frv til laga um námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Frv. er komið frá Ed. og gekk þar fram óbreytt eins og það var lagt fyrir deildina.

Þess ber að geta að frv. um þetta efni hefur verið lagt fyrir Alþingi fimm sinn- um, en ekki náð fram að ganga. Gerð frumvarpsins hefur breyst frá því sem í upp- hafi var. Telur nefndin frv. í núverandi mynd aðgengilegra en áður, m. a. hvað varðar upplýsingar um kostnaðarauka af samþykkt þess og hugmyndir um vöxt og þróun stofnunarinnar. Fyrir nefndinni lá bréf fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjármálaráðuneytisins þar sem bent er á, að „aukning á umsvifum stofnunarinnar frá núverandi fyrirkomulagi sé háð ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og verði því ekki séð að samþykkt frumvarpsins ein út af fyrir sig valdi ríkissjóði auknum útgjöldum. Þetta merkir að frumvarpið á ekki að leiða til sjálfkrafa fjárútláta, heldur muni Alþingi fjalla um fjárveitingar til stofnunar- innar á hverju ári. Hins vegar verður að hafa í huga að frumvarpið nær því aðeins tilgangi sínum að auknu fjármagni verði varið til námsgagnagerðar í víðri merkingu þess orðs, en með því orði er átt við margs konar hjálpartæki við nám og kennslu: bækur, myndefni hvers konar, kort og líkön, hljóðritanir o. s. frv. Þótt bókin sé enn meginnámsgagnið, þá er hún ekki ein um að miðla þekkingu eða auka skilning á námsefni. Nauðsyn annarra námsgagna er augljós.

Óþarfi er að láta það fráfæla sig að verið sé að setja á stofn nýtt ríkisfyrirtæki með samþykkt þessa frv. Hið rétta er að verið er að sameina ríkisfyrirtæki, fækka ríkisstofnunum og minnka yfirstjórn í ríkiskerfinu. Fyrirtækin Ríkisútgáfa náms-

bóka og Fræðslumyndasafn ríkisins eru í raun lögð niður og starfsemi þeirra sameinuð. Forstjórum er fækkað og fækkað í stjórnarnefndum ríkisstofnana.

Sögu námsgagnagerðar hér á landi og dreifingar þeirra á kostnað hins opinbera má fyrst og fremst rekja til stofnunar Ríkisútgáfu námsbóka árið 1936. Þróun námsgagnagerðar hefur að mestu verið reist á þeim grunni sem þá var lagður. Hafa margir lagt þeirri þróun lið í aldarþriðjung og ríkisstjórnir af ýmissi gerð átt þar hlut að máli. Ekki fer milli mála, að skólamenn, ekki sist kennarar á grunnskólastigi, telja notkun námsgagna í víðustu merkingu hið brýnasta mál í skólastarfi. Um það ber vitni m. a. ályktun 7 skólastjóra í Húnavatnssýslu frá 8. febr. s. l., sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Að öllu athuguðu, og sem fyrr segir, þykir nefndinni rétt að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Ólafur G. Einarsson og Ellert B. Schram voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir,  
form.

Ingvar Gíslason,  
fundaskr., frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Eiður Guðnason.

Bjarnfríður Leósdóttir.

### Fylgiskjal I.

Menntamálaráðherra,  
Ragnar Arnalds,  
Reykjavík.

Skólastjórar í Húnavatnssýslum, staddir á fundi á Laugarbakka 8/2 1979, gerðu eftirfarandi ályktun:

Við undirritaðir skólastjórar teljum að frumvarp það, sem lagt hefur verið fram um námsgagnastofnun ríkisins, sé með því merkara, sem er að gerast í kennslumálum, og lýsum yfir eindregnum stuðningi okkar við það. Viljum við þó taka fram eftirfarandi:

- 1) Varast verður að hafa stjórnun stofnunarinnar klotna þannig að sjálfræði einstakra deilda verði of mikið. Þá er hætt við að skapist heimaríki í völdum og ákvarðanatöku. Stjórnir hinna einstöku deilda verði einungis framkvæmdaðilar, en ekki ákvörðunaraðilar. Annars getur skapast svipað ástand og ríkir núna í dag í sambandi við uppbyggingu á nýju námsefni í ýmsum greinum í grunnskólanum. Útgáfuáætlun námsefnis verður að standast, því allir sjá hvað gerist ef óbrúað bil myndast í námsefni.
- 2) Mjög mikilvægt er að kynningarþáttur stofnunarinnar verði gagnvirkur. Væri þess vegna full ástæða til að setja inn í frumvarpið eða reglugerð ákvæði um kynningarfulltrúa sem hefði það hlutverk að ferðast á milli skóla, kynna nýjungar af hálfu stofnunarinnar og ekki síður að kynna sér hvað er að gerast í einstökum skólum. Kynningarfulltrúi gæti einnig leiðbeint við tækjakaup, gert

yfirlit um tækjabörf skólanna og leitað tilboða og tollalækkana. Þar að auki gætu farandsýningar á kennararáðstefnur skilað góðu hlutverki.

Alla vega verður að koma á heppilegu dreifi- og kynningarkerfi þannig að landsbyggðin hafi möguleika á að njóta góðs af stofnuninni.

- 3) Athuga þarf möguleika á nokkurs konar útibúum frá stofnuninni við fræðsluskrifstofurnar, a. m. k. einhverjum tækjakosti sem skólar fræðsluumdæmisins geta notfært sér.
- 4) Í tengslum við 7. grein verður að tryggja að litlar skólæiningar fái lágmarkskvóta vegna nýrra námsgagna annarra en bóka.

Virðingarfyllt,

Benedikt Axelsson, Vesturhópsskóla.  
Björn Sigurbjörnsson, Blönduósi.  
Eggert J. Levý, Húnavöllum.  
Guðmundur Þór, Laugarbakkaskóla.

Jón Sv. Pálmason, Skagaströnd.  
Kristinn Jónsson, Staðarhrepp.  
Sigurður H. Þorsteinsson, Hvammstanga.

## Fylgiskjal II.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis  
c/o hr. Vilhjálmur Hjálmarsson,  
Alþingi.

Fjármálaráðuneytið  
Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Dags., 23. apríl 1979.

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 5. apríl s. l., um kostnaðaráætlun vegna frumvarps til laga um námsgagnastofnun ef að lögum verður.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið virðast eftirfarandi ákvæði frumvarpsins geta valdið kostnaðaraukningu miðað við núverandi fyrirkomulag:

1. Framleiðsla ýmissa náms- og kennslugagna annarra en prentaðs máls.
2. Aukin útgáfa handbóka og kennsluleiðbeininga handa kennurum o. fl.
3. Ákvæði um að stuðla að varðveislu skólaminja.

Hins vegar er eigi unnt á þessu stigi að meta um hve mikla kostnaðaraukningu gæti orðið að ræða, enda ekkert um það í athugasemdunum.

Í 8. gr. frumvarpsins er ákvæði um að kostnaður við starfsemi námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar. Þetta þýðir að aukning á umsvifum stofnunarinnar frá núverandi fyrirkomulagi er háð ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og verður því ekki séð að samþykkt frumvarpsins ein út af fyrir sig valdi ríkissjóði auknum útgjöldum.

F. h. r.  
Brynjólfur Sigurðsson.

Einar Sverrisson.